

Skýrsla um skógræktina á Hallormsstað og umdæmi v árið 1933.

<u>Skógurinn:</u>	Grisjun	fór fram á eftirtöldum skógarsteigum
og á hverjum þeirra var höggið það sem hér setir.	Hús.	Efniv.
Á No. 1. Sv. milli Ljósár og Jökullæks	40-	
- - 2. Vörðuhrauni	48-	11.50
- - 3. Sv. milli Kerlingarár og Atlavíkurl.	143-	9.50
- - 4. - - - - - og Staðarár.	58-	7.00
- - 5. Hólunum	611-	14.30
- - 6. Flataskóginum	10-	8.00
- - 7. Lýsishólnum	30-	
- - 8. Partinum	80-	
Samtals:	1.020-	51.10 -

Á svæðinu No. 1. hjuggu ítakseigendur ítaki sem er milli Ljósár og Jökullæks fyrir neðan veg. Arnheiðarstaðir með Geitagerði eiga sem kunnugt er fram skóg, og eru nú farnir að nota sér þau réttindi, en annars er svæði þetta lítið, og sumstaðar er skóglaugt þar.

Ársvöxtur: Sumarið sem leið var eitt hið blíðasta summar sem komið hefur í manna mynnum. Hitadagar óvanalega margir. Allur gróður stóð því með miklum blóma. Það háði dálítið skóginum að maðkurinn gerði vart við sig. Hæðarvöxtur var þó með mesta lagi á ungskóginum. Lengstu árssprotar urðu 60 cm.

Maðkur gerði nokkuð vart við sig, einkum í júlí, en var um garð genginn þegar kom fram í ágúst og skógurinn máði sér að mestu þegar leið á sumarið.

Frævöxtur varð talsverður einkum á gamla skóginum, en eflaust mikil minni vegna maðksins en ella hefði orðið. En eins og vænta mátti virtist fræið mjög vel þroskað. Af birkifræi var safnað ca. 25 kg. af þurrkuðu fræi. Þar af send skógræktarstjóra 20 kg. Reynirfæ var mjög lítið í skóginum, og þar sem miklu var sáð af reynifræi í vor, lagði ég ekki áherslu á að safna fræi af honum. En Þórhallur Jónsson í Sandfelli í Öræfum safnaði dálitlu fyrir mig. Hinsber voru fullþroska mánuði fyr en vanalega. Annar berjavöxtur var góður, en þó ekki mjög mikill.

Girðingin: Bilanir voru ekki miklar, en nokkuð af staurum þurfti að endurnýja. Hliðið að sunnanverðu var farið að ólagast steypan kringum hliðstaurana reyndist ófullnæggjandi, því var

steyppt að nýju yfir þvert hliðið milli steypunnar um hliðarstauranna og grafið ofan á fastan grunn, svo nú er fyrir það girt að staurarnir geti þokast til, þó vírinn taki í misjafnlega mikil, því eins og kunnugt er strengist vírinn í frostum. Hliðið að neðanverðu hyá Hafursá var einnig lagað dálítib. Þörf væri á mikil sterkari umbúnaði, en þar er nú vegna hinnar miklu bílaumferðar sem nú er að aukast með hverju ári. Það er nú orðið aðkallandi spursmál, hvernig á að ganga svo frá hliðum sem bílar fara um, að hægt sé að komast eftir hverjir það eru sem skilja hliðin eftir opin og eins að komast í veg fyrir ákeyrslu á hliðin, og þar með skemmdir vegna hennar.

Grædireiturinn: Sáð var þessum tegundum:

Af lauftrjúum:

1. Birki úr Bæjarstabaskógi	ca. 4 kg
2. Reynifræi úr Hallormsstadar og Ranaskógi.	- 12 -
3. Reynifræi frá Skaptafelli í Öræfum.	3 -
4. Askfræi frá Ameríku. (Froxiums lacelsola)	
5. Hlynur frá Ameríku (Axwe negumdo) (Boxelder)	

Af Barrtrjám:

1. Lævirkjatré (Larix sibirica)	$\frac{1}{2}$ kg.
2. Skógarfura (Pinus silvestris)	$\frac{1}{2}$ -
3. Hvítgreni (Pinus alba)	$\frac{1}{2}$ -
4. Blágreni (Piesa pungens) frá Ameríku.	
5. Hvítfura (Pinus strobus)	- - -
6. Pinus Ponderosa.	- - -

Fræið af lævirkjatré, skógarfuru og hvítgreni fékk ég frá Jakobssen Rafn frá Kaupmannahöfn. En fræið frá Ameríku sendi mér kunningi minn Joseph J. Myres í Norður-Dokota.

Allt fræið kom ágætlega upp og þroskuðust plönturnar vel í sumar, nema reyniviðarfræið, þótt að það lægi í bleytti (í votum sandi) áður enn því var sáð og var gerþurrkað í fyrra haust og geymt á góðum stað í vætu tíð. Til þess að fá það til að spíra í fyrsta vori myndi þurfa að láta það liggja í blautum sandi allan veturinn, þá adferð hef ég við reynifræið sem ég fékk í haust.

Dreyft var (prikað) í grædireitnum Birki 7.200 pl.

Seldar voru úr græðireitnum:	Birki	1.576 plöntur.
- - - - -	Reynir	201 - - -
- - - - -	Víðir	6 - - -
- - - - -	Lævirkja	8 - - -
- - - - -	Bláfura	61 - - -
- - - - -	Greni	13 - - -
- - - - -	Ribs	30 - - -

Samtals: 1.895 plöntur.

Úr skóginum voru seldar:	<u>Birki</u>	174 - - -
--------------------------	--------------	-----------

Alls seldar: 2.069 plöntur.

Auk þess voru sendar úr græðireitnum:

a. Til skógræktarstjóra	Birki	400 - - -
- - - - -	Reynir	400 - - -
b. -- kvennfélagsins St.	<u>Birki</u>	50 - - -

Alls teknar úr

Græðireitnum: 2.919 plöntur.

Úr skóginum sendar skógræktarstj. hnausapl.	<u>400</u>	- - -
---	------------	-------

Alls látnar út. 3.319 - - -

Eftir tegundum voru:

Birki	2.600 stk.
Reynir	601 --
Víðir	v 6 --
Lævirkja	8 --
Blágreni	61 --
Greni	13 --
<u>Ribs</u>	30 --

Samtals: 3.319 plöntur.

Eins og áður er fram tekið var sumarið einmuna hlýtt og gott. Öllum plöntum fór því vel fram. Margt af birkiplöntunum er nú  $\frac{1}{2}$  - 1 meter á hæð. Á ryðsvepp var ekki.

Ársvöxtur á barrtrjám var þessi: Blágreni 60 cm. Lævirkjatré 70 cm. Skógarfura 45 cm. Rauðgreni 50 cm. Barrtrén virðast vú komin á það stig að þau poli hörðustu veturn og vor, og að það sé þess vert að gera tilraunir með harðgerðar tegundir og með það fyrir augum keypti ég fræ af lævirkjatré, skógarfuru og hvítgreni.

Girðingin: Girðingin um Mörkina var lagfærð mikið, víða strengd upp og hliðið að sunnanverðu lagfært þannig að hliðarstaurarnir voru réttir við og steyp特 milli þeirra og gengið svo frá að nú ætti það ekki að ganga úr skorðum. Hengilás var settur á bæði hliðin, til þess að koma í veg fyrir þá hættu sem stafar

vaxandi umferð.

Í sambandi við námskeið sem Húsmæðraskólinn hér heldur í garðyrkju, varð að samkomulagi að þar 4 stúlkur sem sóttu námskeiðið innu í græðireitnum fyrir lágt gjald, til þess einnig að kynnast trjárækt. Vinna þessara stúlkna kom sér mjög vel og hirding græðireitsins er betri en ella væri, ef ekki væri kostur á dýru vinnuafli. Og nú þegar, en einkum framvegis í samilegu árferði mun hægt að fullnægja vaxandi eftirspurn eftir plöntum, og komast að raun um hvaða trjátegundir, auk þeirra innlendu tegunda rétt mætti að rækta hér á landi, þó í smáum stil, í næstu framtíð. Gúmmíslanga 30 m. löng var keypt til þess að gera vökvun auðveldari. Einnig var keypt reka og kvísl.

Byggingar: Keyptir voru 2 þakgluggar til að setja á eldhús og bún í stað glugga er fyrir voru, en voru svo illa gerðir að þau hak um þá. Einnigvar keypt 1½ tonn af sementi og steypt gólf í gamla kjallaranum undir timburhúsinu. Annað var ekki gert að byggingum á þessu ári.

Eiðagirðing: Lagið var nokkuð girðingin á Eiðum. Girðingin var hækkuð á 3 stöðum í dældum þar sem mest hætta var á að hún fenni í kaf og fenaður kæmist inn að vetri til. Vírnestsúfar voru settir undir aðalgirðinguunna í dældunum. Einnig var hún bætt á nokkrum stöðum og strengd, og sumsstaðar lagt undir hana. Til þess að gera girðinguunna örugga þarf að bæta í hana 70-80 staurum, þar sem of langt er á milli staura. Ferðir fór ég engar, nema að Eiðum.

Fræsöfnun í Óræfum: Þórhallur Jónsson safnabi fyrir mig dálitlu af reynifrei, en hann náði ekki nema litlu, vegna þess að Skeiðará flæddi upp í gilið þar sem fallegustu reynitrén í Skapafelli eru.

Hallormsstað 11. janúar 1934,  
Gutormur Pálsson.